

**Nd. 230. Tillaga til þingsályktunar**

um sildarmjölsgirðir til fóðurtryggingar á næsta vetri.

Flm.: Gísl Guðmundsson, Bergur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að tryggja það, eftir því sem frekast er unnt, að til verði í landinu nægilegt sildarmjöl til skepnufóðurs á næsta vetri.

**G r e i n a r g e r ð .**

Svo að segja allar sildarmjölsgirðir verksmíðja hér á landi munu vera seldar til útlanda, og svo nærri gengið, að bændur fá nú ekki keypt 1. flokks sildarmjöl. Hins vegar er allt í óvissu um sildarútgerð og sildarvinnslu á næsta sumri. En telja má víst, að bændur þurfi á miklu sildarmjöli að halda næsta haust, þar sem hörgull mun verða á vinnukrafti til heyöflunar. Það virðist því næsta varhugavert, að það sildarmjöl, sem enn er fyrirleggjandi hjá verksmíðjunum, sé allt flutt úr landi, nema því aðeins, að tryggt sé fyrirfram, að framleitt verði a. m. k. svo mikið næsta sumar, að hægt verði að fullnægja eftirspurn frá bændum á þann hátt.

Þegar Alþingi ákvað, að ríkið kæmi upp sildarverksmíðjum, var það gert öðrum þræði með það í huga, að á þann hátt væri séð fyrir fóðurforða landbúnaðinum til handa. Hefur þess aldrei verið meiri þörf en nú, að þetta sjónarmið sé haft fyrir augum.

Ef ríkisstjórnin teldi sig þurfa lagaheimildar í þessu skyni, má gera ráð fyrir, að Alþingi myndi fúslega veita henni slíka heimild.